



F U N D A R G E R ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 10. maí 2023 kl. 16:15 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Finnbogi Leifsson, Brynja Þorsteinsdóttir, Steinunn Magnúsdóttir, Emil Kristmann Sævarsson, Magni Grétarsson og Ómar Örn Kristófersson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur

Aldursforseti stjórnar, Finnbogi Leifsson, setti fund. Hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa á vettvangi stjórnar.

2. Kosning formanns og varaformanns

Finnbogi gerði tillögu um Kristinn Jónasson sem formann stjórnar. Samþykkt.

Kristinn tók við stjórn fundarins og þakkaði traust stjórnarmanna. Hann gerði tillögu um Finnboga Leifsson sem varaformann. Samþykkt.

3. Fundargerð síðasta stjórnarfundar 14.03.2023 og fundargerð aðalfundar.

Stjórnarfundargerð samþykkt.

Fundargerð aðalfundar frá 22. mars 2023 lögð fram.

4. Kynning á starfsemi

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum, einkum fyrir nýja stjórnarmenn í félaginu. Rætt um að halda næsta stjórnarfund í júní og í Fíflholtum.

5. Starfsemi í Fíflholtum

a. Skógræktaráform

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að frekari skógrækt í Fíflholtum á komandi sumri. Samþykkt að halda áfram með svæðið norðan við urðunarreinar.

b. **Hvernig hefur gengið það sem af er ári.** Framkvæmdastjóri greindi frá. Nokkuð fok varð á urðunarsvæðinu í byrjun apríl vegna hvassviðris.

c. Erindi til Skipulagsstofnunar og viðbrögð sbr. tölvupóstur.

Vegna „Fíflholt stækkun“ úr 15 í 25 þúsund tonn var sent erindi til Skipulagsstofnunar. Um er að ræða fyrirspurn um matsskyldu vegna nýrrar urðunarreinar í Fíflholtum í Borgarbyggð. Óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu fyrirhugaðrar framkvæmdar. Þann 4. maí barst tölvupóstur frá stofnuninni. Má skilja svarið sem svo að Skipulagsstofnun sé ekki komin að niðurstöðu um það hvort framkvæmdin

sé matsskyld. Skýra þurfi ákveðna þætti betur til að hægt sé að komast að niðurstöðu til að svara erindi Sorpurðunar Vesturlands hf. Samþykkt að svara tölvupósti Skipulagsstofnunar og bæta við þeim upplýsingum sem óskað er eftir.

d. **Erindi til Vegagerðarinnar okt. 2020**

Rifjað upp erindi frá okt. 2020 um aðkomu Vegagerðarinnar að girðingu í landi Fíflholta og Mels. Engin viðbrögð hafa borist.

6. Dýrahæ

- a. Upplýst um minnisblað. Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir helstu niðurstöður úr minnisblaði Stefáns Gíslasonar, Environice. Einnig reifað hugsanlegt tilraunaverkefni til að finna lausnir og kostnað við verkefnið.

7. Samráðsvettvangur SV-hornsins.

- a. Fundargerð samráðsvettvangs 8.2.23

8. Fundargerðir

Verkefnisstjórn Sambandsins í úrgangsmálum 20.03.2023 og 24.04.2023. Lagðar fram.

9. Önnur mál

a. **Vegagerð**

Rætt um stöðu vegaframkvæmda við heimreið að Fíflholtum. Magni upplýsti um stöðuna. Hann sagði undirbúning fyrir framkvæmdina í gangi.

b. **Endurheimt Kálfalækjarvatnasvið**

Samningsdrög hafa borist frá Landgræðslunni/Hafró. Málið áður kynnt á stjórnarfundum þann 14.03.sl. undir 10. lið. Stjórn gerir ekki athugasemdir. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi.

c. **Vatnsveita Hraunhrepps**

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem haldinn var 25. apríl sl. á Kálfalæk. Var þar rætt um framtíð Vatnsveitu Hraunhrepps. Málið kynnt.

Líflegar umræður urðu um höndlun dýrahreja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir